

Fundargerð stjórnar BÍS 20/2015. miðvikudaginn 11. nóvember 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskrárráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, tengiliður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs,

Dagskrá:

Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1) Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
- 2) Fimm mínútur foringjans. BB stýrði.
- 3) Nýr starfsmaður kynntur. Sigríður Ágústsdóttir, skrifstofustjóri BÍS hefur tekið til starfa. Hennar hlutverk er að sjá um innri málefni skátahreyfingarinnar og leiða stefnumótun BÍS með stuðningi Halldóru G. Hinriksdóttur. Stjórn býður hana velkomna og óskar henni velfarnaðar í starfi.
- 4) Yfirlit stjórnarmanna.
 - a) BB. Fór á skátahöfðingafund í Portúgal. Átti fund með fulltrúum Cintamani um samstarf. WSF er fundur í undirbúningi, stefnt að fundi í október á næsta ári.
 - b) UGS. Fór á Scout Academy í Portúgal, gagnleg ráðstefna. Eru búin að heimsækja fjögur af átta félögum. Dagskrárráð stefnir á að taka yfir dagskrárvefinn fljótlega. Dagskrárráð sendir Hörpu Ósk Valgeirsdóttur á NOPOLK. Minnir stjórnarmenn og ráð að fylla út dagatalið. Er að vinna með ungmennaráði, voru með viðburð á Akranesi og voru 20 þátttakendur.
 - c) FFS. Félagaráð er búið að heimsækja sex félög og eru sex félög eru framundan. Það er verið að fara yfir sjálfsmatskerfið með skátafélögum. Hefur verið að vinna með ungmennaráði og gekk vel. Endurmat verður gert fljótlega.
 - d) HDS. Fór á Network meeting í Portúgal. Gekk vel. Upplýsingaráð er að vinna í Skátablaðinu. Tveir ungir skátar eru að vinna með upplýsingaráði. Samskipta- og kynningaráætlun er í áframhaldandi vinnslu. Skátabúningurinn aðeins ræddur og upplýsingaráð hvatti Skátabúðina til að taka upp nýja vinnuskyrtu sem notuð var í Japan. Eru að skipuleggja námskeið 15-17 janúar – ungir talsmenn og eru í samstarfi við 365 miðla.
 - e) ÓP. Gilwell skólinn auglýsti 1 og 2 skref í nóvember en því var frestað fram í janúar. 4 skref verður í lok nóvember. Í janúar verður 5 skrefið keyrt á Úlfljótuvatni. Það var vinnufundur/námskeið sl. laugardag fyrir Gilwell mentora og stefnt er að útgáfu handbókar fyrir þá. Lögð er töluverð áhersla á markaðssetningu á Gilwell námskeiðunum um þessar mundir. Búið er að halda

slíka kynningu hjá Kópum og fram undan er kynning hjá Hraunbúum ofl. Er að fara á NOPOLK í Svíþjóð í næstu viku.

- f) KÓ. Fjármálaráðsfundur var haldinn. Mikið útstreymi vegna móta en sjóðsstreymi betra miðað við væntingar. Nýir söfnunarkassar komnir til landsins með nýjum slagorðum – gefum tækifæri. Er verið að prófa skynjara sem mæla hversu mikið af dósum er í gámunum. Það er mikil þróun í fyrirtækjasölu. Byrjað rólega að sækja á þau mið. Það var gerð neytendakönnun á dósamarkaðnum og það á eftir að vinna úr henni. Sorpa er að efla samstarfið við okkur á móttökustöðvunum.

Meginfundarefni

- 5) Stefnumótun BÍS. Farið var yfir verkefni frá vinnufundi stjórnar og ráða BÍS. Haldið verður áfram með þessa vinnu á næsta fundi.
- 6) Starfsáætlanagerð – undirbúningur
- a) Verkefnaform kynnt
 - b) Starfsáætlun BÍS kynnt.
 - c) Ársskýrsla BÍS. Stjórnarmenn beðnir um skila drögum fyrir 1 desember.
 - d) Skátadagatal. Stefnt er að því að gefa það út í desember.
- 7) Afgreiðslumál
- a) Starfsyfirlit starfsmanna lagt fram.
 - b) Fundargerð Landsmóts skáta lögð fram.
 - c) Fundargerð World Scout Moot lögð fram.
 - d) Alþjóðamál
 - i) Ferðaskýrsla, Porto í Portúgal. Munnleg skýrsla frá þátttakendum.
 - ii) Beiðni frá alþjóðaráði um að senda fulltrúa vegna flóttamanna í Kaupmannahöfn. Samþykkt. HS falið að ræða við alþjóðaráð.
 - iii) Ársskýrsla Evrópustjórnar lögð fram.
 - e) GSAT greining. Greinendur WOSM hafa óskað eftir að fá að birta gögnin okkar með sínum vinnuhópi í Evrópu. Samþykkt.
 - f) Úlfljótsvatn. HS minnir á vinnufund stjórnar 30. nóvember. Kl. 19 í Skátamiðstöðinni með eigendum Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfljótsvatni og Úlfljótsvatnsráði.
- 8) Önnur mál:
- a) Boðað verður til auka stjórnarfundar vegna áætlanagerðar BÍS. BB er falið að finna tíma.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:08.

Fundargerð ritaði HS.